

(Bréf sent með útgáfu 4 af reikniverki)

Ágæti skólameistari, ágæti trúnaðarmaður

Verkefnisstjórn um vinnumat samkvæmt kjarasamningum framhaldsskóla frá sl. vori sendir ykkur hér með nýjustu útgáfu svokallaðs reikniverks um vinnumat með inngangsköflum og leiðbeiningum við einstaka reiti/þætti vinnumatsskjalsins.

Skólastjórnendum og trúnaðarmönnum er ætlað sérstakt hlutverk í sambandi við vinnumatið samanber 6-13, sem fjalla allar um vinnumat en í 11. greininni er sérstaklega vikið að samráði skólameistara við trúnaðarmenn um málið.

Undirbúningsvinna verkefnisstjórnar og vinnumatsnefnda samkvæmt 9. grein kjarasamnings og viðaukum hans sem hófst í sumar er nú í fullum gangi. Verksvið vinnumatsnefnda er skipulagt eftir faggreinum og sviðum samkvæmt ákvörðun verkefnisstjórnar en ekki eftir skólum eins og upphaflega var ætlað að yrði.

Verkefnisstjórn vill biðja ykkur að kynna ykkur reikniverkið og annað sem snýr að vinnumatsvinnunni vel og bendir auk meðfylgjandi gagna á heimasíðu verkefnisstjórnar ([www.verkefnisstjorn.is](http://www.verkefnisstjorn.is)).

Nú stendur yfir gagnasöfnun og prófanir á innfærslu kennara á vinnu við einstaka námsáfanga samkvæmt nánari ákvörðunum og útfærslum hvernar vinnumatsnefndar fyrir sig. Tilgangur vinnunnar er að safna dæmum sem síðan má byggja sýnidæmi um vinnumat og vinnumagn við einstaka námsáfanga á. Vinnumatsnefndir og verkefnisstjórn munu vinna saman að framsetningu sýnidæma. Ætla má að mynd verði komin á þau seinni hluta nóvembermánaðar og að vinnu við þennan hluta málsins ljúki í desember.

Stefnt er að því að reikniverkið og sýnidæmin verði gerð aðgengileg öllum sem málið varðar í framhaldsskólunum í lok nóvembermánaðar þannig að fólk geti prófað að meta sína áfanga.